



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/244
komudagur 18.11.2013

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans). Þingskjal 13 — 13. mál.

Íslandsstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill koma á framfæri eftirfarandi:

Löngu er orðið tímabært að endurskoða ofangreind lög. Íslandsstofa fagnar þessum tillögum og telur þær geti verið góð viðbót við það starf sem þegar er unnið við markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu. Með þeim tillögum sem í frumvarpinu komar fram væri sérstaða íslenskra vara betur auðkennd og auðveldara ætti að vera að koma þeim á framfæri.

Íslandsstofa myndi gjarnan leggja til aðstoð við setningu reglugerðar þeirrar sem frumvarpið leggur til að sett verður.

Núgildandi reglur hafa sýnt sig að vera ekki í samræmi þarfir íslenskra fyrirtækja og hefur Íslandsstofa þurft að beita sér til að fá notkun fánans heimilaða á erlend samstarfsverkefni.

Íslandsstofa lýsir sig því samþykka efni frumvarpsins vera jákvætt og hvetur til jákvæðrar afgreiðslu þess.

Virðingarfyllt

Jón Asbergsson
frámkvæmdastjóri